



Sagnaðartíðindi

Seljasóknar

40. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2019



Glöð fermingarbörn við upphaf athafnar 7. apríl sl.

Upplýsingar um dagskrá Seljakirkju í kyrruviku og um páska er á baksíðu

Gleðilega páska

Það er sagt að sólin dansi á páskadagsmorgni. Þegar hún teygir sig hægt og rólega upp yfir sjóndeildarhringinn, þá megi sjá hvernig hún stígur dans um leið og hún breiðir geisla sína eins langt og augað eygir. Gleðitíðindin sem páskarnir boða ná til allrar sköpunarinnar, já heimurinn allur gleðst og fagnar á páskadagsmorgni því Kristur er upprisinn, hann er sannarlega upprisinn. Það hefur lengi verið mörgum ómissandi að fá að fylgja í fótspor kvennanna sem gengu út að gröf frelsarans við sólarupprás hinn fyrsta dag vikunnar og fengu að heyra þar hin undursamlegu tíðindi að lífið hafði sigrað dauðann. Með því að ganga til kirkju snemma

á páskadagsmorgni fáum við að heyra sömu orð, sömu fagnaðartíðindin sem enn á ný færa okkur vonartraust um náð Guðs sem er ný á hverjum morgni. Birtan sem morguninn gefur minnir rétt eins og páskaliljurnar og páskaungarnir, á þá gleði sem okkur er gefin fyrir upprisu frelsarans. Dagarnir sem framundan eru frá páskum til uppstigningardags kallast gleðidagar þar sem við megum eins og sólin sjálf fagna blessuninni sem Guð gefur okkur með hækkandi sól og komandi sumri.

Gleðilega páska.

Bryndís Malla Elíðóttir



Kirkjureið og guðsþjónusta hestafólks - 5. maí

Allt frá árinu 2000 hefur það verið árlegur viðburður á hverju vori að hestamenn koma ríðandi til guðsþjónustu í Seljakirkju. Að þessu sinni fer kirkjureiðin fram sunnudaginn 5. maí. Safnast verður saman í hesthúsahverfunum í Víðidal, Almannaadal, Andvaravöllum, Heimsenda og Gustssvæðinu og ríðið saman til kirkjunnar. Hestunum er komið fyrir í trausta gerði sem sett er

upp á bílastæði kirkjunnar á meðan messan fer fram. Guðsþjónustan hefst kl. 14 og að venju mun sr. Valgeir Ástráðsson þjóna og Brokk-kórinn syngja undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar. Að lokinni guðsþjónustu verður efnt til messukaffis áður en haldið er aftur heim á leið. Allir eru hjartanlega velkomnir til guðsþjónustunnar, hvort sem fólk kemur á hesti eða ekki.

Uppstigningardagur – dagur eldri borgara - 30. maí

Uppstigningardagur hefur verið helgaður eldri borgurum í kirkjum landsins og þeim sérstaklega boðið til kirkju. Hátíðarguðsþjónusta verður í Seljakirkju kl. 14 þar sem sr. Svavar Stefánsson predikar og Bryndís Malla

Elíddóttir þjónar. Að guðsþjónustu lokinni býður Kvenfélag Seljasóknur upp á veglegt kaffihlaðborð. Boðið verður upp á akstur til og frá kirkju og panta má bílfar í síma 567 0110.

Göngumessur í júní

Göngumessurnar í Breiðholti hafa fest sig í sessi í júnímánuði. Að þessu sinni verður fyrsta gangan 16. júní og þá verður gengið frá Fella- og Hólakirkju kl. 10 til messu í Breiðholtskirkju sem hefst kl. 11. Sunnudaginn 23. júní verður gengið frá Breiðholtskirkju kl. 10 til guðsþjónustu í Seljakirkju kl. 11

og hringnum er síðan lokað sunnudaginn 30. júní þegar gengið verður frá Seljakirkju kl. 10 til Fella- og Hólakirkju þar sem guðsþjónustan hefst kl. 11. Messukaffið er einnig orðið ómissandi og að því loknu er boðið upp á akstur að þeirri kirkju sem gengið var frá.

Vortónleikar barnakóra og stúlknakórs Seljakirkju

Hinir árlegu vortónleikar barnakóra og stúlknakórs Seljakirkju fara fram miðvikudaginn 1. maí kl. 13 í Seljakirkju.

Eftir tónleika stendur foreldrafélagið fyrir glæsilegu kaffihlaðborði sem er mikilvæg fjáröflun og nýttist við hin ýmsu tækifæri sem snúa að börnunum kórastarfinu.



Fréttir

Barnakórar og stúlknakór Seljakirkju

Barnakórarstarfið er búið að vera blómlegt í vetur undir stjórn Rósalindar Gísladóttur, þar sem rúmlega sjötíu börn á aldrinum 6 - 14 ára taka þátt.

Kórinn hefur tekið þátt í mörgum verkefnum í vetur, sungið við guðsþjónustur í kirkjunni og á hjúkrunarheimilum.

Dagskráin framundan er spennandi. Í júní leggur stúlknakórinn upp í ferð til Bolzano á Ítalíu ásamt barna- og unglíngakór Hafnarfjarðarkirkju. Kórarnir munu syngja á tvennum tónleikum þar ytra, í Bolzano og eins við Gardavatn. Ítalskir barna og unglíngakórar munu einnig koma fram á þessum tónleikum.

Morgunverður á páskadagsmorgni

Það er orðin ómissandi hefð að boðið er upp á glæsilegt morgunvarðarhlaðborð að lokinni hátíðarguðsþjónustu á páskadagsmorgni sem hefst kl. 8. Fátt er betra á þessum helga morgni en gleðjast saman með vinum og nágrönnum og tilvalið að bjóða með sér gestum til guðsþjónustunnar.

Fermingar 2020

Nú á vormánuðum mun foreldrum barna sem fædd eru árið 2006 og skráð eru í Þjóðkirkjuna, verða send bréf með upplýsingum um skráningar í fermingarfræðslu næsta árs. Þá verður einnig hægt að velja fermingardag, en árið 2020 verður fermt á eftirfarandi dögum:

Sunnudagur, 29. mars, kl. 10.30 og 13
Pálmásunnud., 5. apríl kl. 10.30 og 13.
Skírdagur, 9. apríl kl. 10.30 og 13.
Skráningar fara fram á vefnum seljakirkja.is/ferming.





Fréttir

Sumarnámskeið í Seljakirkju

Undanfárin ár hefur verið boðið upp á sumarnámskeið í Seljakirkju, sem eru leikjánaamskeið fyrir 6 - 10 ára gömul börn. Vel hefur tekist til með námskeiðin og hefur því verið ákveðið að halda þrjú vikulöng námskeið komandi sumar.

Námskeiðin verða sem hér segir:

10. - 14. júní

18. - 21. júní

12. - 16. ágúst

Dagskráin stendur frá kl. 9 - 16 og er þátttökukostnaður 8.500 kr. fyrir vikuna.

Nánari upplýsingar má fá hjá Steinunni Önnu Baldvinsdóttur, æskulýðsfulltrúa kirkjunnar, sem heldur utan um námskeiðin en netfangið hennar er steinunn@seljakirkja.is. Skráning fer fram á vefnum: seljakirkja.is/sumar

Sumarmessur eru morgunmessur

Eins og mörg undanfárin ár breytist guðsþjónustutíminn í Seljakirkju í sumar. Frá og með 5. maí og fram til loka ágústmánaðar verða guðsþjónustur í Seljakirkju á sunnudagsmorgnum kl. 11.

Seljakirkja á facebook

Á facebook síðu Seljakirkju er uppfærðar allar helstu upplýsingar um það sem framundan er í kirkjunni. Til að fylgjast betur með er tilvalið að setja „like“ á síðuna.



Safnaðartíðindi Seljasóknar
40. árg. 1. tbl. Páskar 2019

Seljakirkja
Hagaseli 40, 109 Reykjavík. s: 567 0110.
Ritstjórn og ábyrgð: Ólafur Jóhann Borgþórsson.
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson.
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.



Kvenfélagskonur á góðri stund

Kvenfélagskonur gefa Seljakirkju nýjan borðbúnað og sálmabækur

Seljakirkja hefur í gegnum árin notið dyggilegs stuðnings og gjafa Kvenfélags Seljasóknar.

Kvenfélag Seljakirkju, sem stofnað var 9. apríl 1981, studdi kirkjubýgginguna vel og gaf á sínum tíma innréttingar og allan borðbúnað í eldhús kirkjunnar. Stólarnir í kirkjuskipinu, sálmabækurnar og fylgillinn eru m.a. einnig gjafir frá kvenfélaginu.

Kvenfélagið sem hefur starfað af fullum krafti í vetur, sem endranær, mun á næstunni afhenda kirkjunni nokkra tugi kaffibolla til endurnýjunar borðbúnaðar. Að auki mun kvenfélagið færa Seljakirkju upplag af

nýrri útgáfu sálmabókarinnar sem áætlað er að verði tilbúin í haust en útgáfan hefur tafist nokkuð.

Tekjur sínar hefur kvenfélagið af veitingasölu á fundum, leigu borðdúka og fermingakyrtila.

Kvenfélagið starfar yfir vetar- og vormánuði og heldur reglulega fundi sína fyrsta þriðjudag hvers mánaðar í Kirkjumiðstöð Seljakirkju og hefjast þeir kl. 19.30. Formaður félagsins er Álfheiður Árnadóttir. Félagar eru sjötíu talsins og nýir félagar ávallt hjartanlega velkomnir. Facebook síðu félagsins má finna undir Kvenfélag Seljasóknar.

Aðalsafnaðarfundur Seljasóknar

Aðalsafnaðarfundur Seljasóknar fer fram að lokinni guðsþjónustu sem hefst kl. 11 sunnudaginn 5. maí.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundastörf
Kosningar til trúnaðarstarfa
Önnur mál.

Íbúar í Seljasókn, sem náð hafa 16 ára aldri og skráðir eru í Þjóðkirkjuna hafa atkvæðisrétt á fundinum.

Sóknarnefnd Seljasóknar.

Guðsþjónustur í Seljakirkju í kyrruviku og um páska

14. apríl pálmasunnudagur

- kl. 10.30 Fermingarmessa
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
- kl. 13 Fermingarmessa
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

18. apríl skírdagur

- kl. 13 Fermingarmessa
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

19. apríl föstudagurinn langi

- kl. 11 Guðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíðóttir predikar

21. apríl páskadagur

- kl. 8 Hátíðarguðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíðóttir prédikar.
Að lokinni guðsþjónustu býður sóknarnefnd til morgunverðar í safnaðarheimili kirkjunnar.
- kl. 11 Guðsþjónusta í Skógarbæ
Sr. Bryndís Malla Elíðóttir prédikar.

Kór Seljakirkju syngur við guðsþjónusturnar.
Organisti er Tómas Guðni Eggertsson.